

Dags eftirlits	6.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-Lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Auðbrekka 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti en ein ábending var sett fram er varðar sýnatökur frárennslis.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landdisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna frávíka í eftirliti árið 2019 er lokið. Bréf þess efnis var sent til rekstraraðila þann 21. apríl sl. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Árið 2020 voru alin í stöðinni rúm 9 tonn af klakfisk og 6,5 tonn af regnbogasilung en leyfi er fyrir framleiðslu á 20t af fisk í stöðinni. Allri bleikju hefur verið slátrað úr stöðinni og er nú einungis regnbogi til staðar. Starfseminni hefur verið hagrætt á milli stöðvanna m.t.t. hámarks framleiðsluleyfis í Laxamári. Starfsleyfið gildir til mars 2023 og minnt er á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi í tíma áður en eldra leyfi rennur út.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar við eftirlit og var farið yfir rekstrarhandbók í eftirlitinu. Minnt var á í síðasta eftirliti að halda ber gögnum stöðvanna aðskildum þó svo að heimilt sé að hafa þau í sömu möppu og færa hana á milli stöðva eftir því sem þurfa þykir, því hefur verið fylgt.

Síðustu mælingar í frárennslis voru gerðar árið 2020, rekstraraðili sá um sýnatöku en sýnin voru greind hjá Sýni ehf. Rekstraraðili tekur sýni fyrir mælingar á COD og svifögnum 3ja hvert ár og N og P árlega. Ekki er mælt í viðtaka þar sem frárennslid fer beint í bæjarveituna. Frárennslid rennur í lokuðu kerfi niður í brunn neðan við stöðina. Þar hefur verið komi fyrir rist til varnar sleppingum, en þaðan rennur frárennslid svo út í fráveitukerfi bæjarins. Minnt er á sýnatökur næst árið 2023. Rekstraraðili sendir niðurstöður síðustu mælinga til eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili sendi til rekstraraðila leiðbeiningaskjal um útreikninga á losun N og P úr frá fóðri að loknu eftirliti.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kerjum í stöðinni né fóðrun fiskanna frá síðasta eftirliti en handfóðrað er í stöðinni.

Dauðfisk er safnað saman og farið með á móttökustöð úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins, Víðimóum. Engin spilliefni eru í stöðinni og nær enginn almennur úrgangur.

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í gildandi starfsleyfi. Hins vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni. Var bæklingur þess efnis afhentur í eftirlitinu.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð. Engar girðingar eru í kringum stöðina en net er yfir kerjum til varnar því að fugl fari í kerin.

ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram í eftirlitinu er varðar að taka þarf viðmiðunarsýni fyrir núllpunkt við sýnatökur þar sem gildin miðast við aukningu á efnunum við útrás. Einnig skal reikna magn losunarefna í kg/tonn af framleiddum fiski.

ANNAD


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 13.06.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir